

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudagur 9. ágúst 2019.



21. fundur stjórnar VG, haldinn á Kornhlöðuloftinu.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.
Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Una Hildardóttir, Edvard Huijbens (á fjarfundi), Álfheiður Ingadóttir, Bjarni Jónsson, Daníel E. Arnarsson, Einar Bergmundur Þ. Bóasarson, Ragnar Karl Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé (Þingflokkur), Þóra Elfa Björnsson (EVG).

F.h. Starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lís Björnsdóttir, Bjarki Hjörleifsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Kári Gautason og Lís Kristjánsdóttir.

Fundur settur kl. 15.10.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundargerðar lög fram.
Fundargerð samþykkt.
2. Flokkráðsfundur í Skaftafelli – dagskrá og skipulag.
Rætt um skipulag og dagskrá flokksráðsfundar í Skaftafelli 30-31 ágúst nk. Gerðar verða smávægilegar breytingar á dagskrá í kjölfar umræðna. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu í takti við umræður fundarins í samráði við formann flokksráðs.
3. Landsfundarundirbúningur
 - a. Drög að dagskrá Landsfundar 2019.
Ákvörðun hefur verið tekin um dagsetningu og staðsetningu næsta landsfundar sem fram fer á Grand Hótel í Reykjavík 18.-20. október. Þema fundarins eru loftlagsmál. Það þarf að finna yfirskrift landsfundar og vinna áfram með dagskránnu. Dagskrá þarf að liggja fyrir á fyrsta fundi stjórnar í september. Umræður um dagskrá fundarins og mögulega gesti. Framkvæmdastjórn vinnur áfram að dagskránni fram að næsta stjórnarfundi.

b. Gestir fundarins.

Finna gesti í breiðan gestapanel um loftlagsmál í breiðu samhengi. Einnig er hugmynd um að fá örerindi frá ýmsum áttum.

Ingibjörg Þórðardóttir og Elva Hrönn Hjartardóttir (UVG) taka sæti á fundinum kl. 16.17.

c. Málefnaþópar.

Málefnaþóparnir átta starfa áfram fram að landsfundi og starfa áfram á meðan fundinum stendur. Stjórn hefur beint því til hópstjóra að flétta loftlagsmál inn í sína vinnu. Auk málefnaþópa þarf að vera starfandi lagabreytingahópur, ályktanahópur og kjörnefnd og kjörbréfanefnd á fundinum.

d. Tillögur lagabreytingarnefndar.

Katrín gerir grein fyrir starfi lagabreytingarnefndar og umræður um þær hugmyndir sem fram hafa komið að lagabreytingum. Lagabreytingarnefnd mun vinna áfram í aðdraganda landsfundar. Einnig þarf stjórn að ræða reglur um uppstillingu og forval þegar lagabreytingarnefnd hefur fengið tækifæri til að ræða hana. Umræðu verður framhaldið á næsta stjórnarfundi.

Kaffihlé kl. 17.40.

Una Hildardóttir vísar af fundi kl. 18.00.

Fundi haldið áfram kl. 18.00.

4. Saga VG.

Staða útgáfu og fjárhagsáætlun.

Anna Lísu gerir grein fyrir stöðu við vinnu útgáfu sögu VG ásamt fjárhagsáætlun. Umræður um verkefnið og stöðuna á því.

5. Frumkvæðisathugun Persónuverndar.

Björg Eva kynnir bréf frá Persónuvernd vegna frumkvæðisathugunar á notkun stjórnsmálahreyfinga á samfélagsmiðlum fyrir kosningar til Alþingis 2017.

6. Önnur mál:

a. Innköllun varaþingmanna.

Bjarni Jónsson ræðir um að það þurfi skýrt verklag innan þingflokks sem gildir við innköllun varaþingmanna. Innkómur varaþingmanna hafa heilt yfir heppnast vel hjá hreyfingunni, verið til þess fallnar að breikka ásýnd þingflokksins útávið. Reglur þingsins gera ráð fyrir að kalla inn varamenn ef þingmenn eru fjarverandi 4 þingfundardaga eða lengur. Skerpt á þessu ákvæði í samþykktum þingflokks. Sameiginlegir fundir þingflokks með varaþingmönnum hafa tíðkast og reynst vel. Umræður.

b. Félagatal á nýju formi.

Bjarki Hjörleifsson gerir grein fyrir framkomnu tilboði í hugbúnað undir vinnslu og utanumhald félagatals, ekki er gert ráð fyrir verulegum kostnaði vegna þessa.

c. Bjarki Þór Grönfeldt fráfarandi skrifstofustjóri VG mun ljúk störfum í lok mánaðarins og vill þakka fyrir samstarfið. Stjórn þakkar Bjarka fyrir farsælt samstarf og óskar honum velfarnaðar í verkefnunum framundan. Bjarni Jónsson vill koma á framfæri sérstöku þakklæti til Bjarka f.h sveitarstjórnarráðs.

d. Daníel E. Arnarsson bendir stjórn á að séu 799 dagar til kosninga.

e. Elva Hrönn Hjartardóttir upplýsir stjórn um vinnu sem hún tekur þátt á vegum UNR (Ung nordisk ráð) um líffræðilegan fjölbreytileika. Útbúin verður verkfærakista til að gera ungu fólki kleift að fræða aðra um þessi mál.

f. Stjórnsmálaskóli í aðdraganda Landsfundar.

Katrín leggur til að það verði starfræktur stjórnsmálaskóli eða smiðjur í aðdraganda landsfundar. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur að útfærslu á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið 20.00.

Næsti fundur verður boðaður föstudaginn 6. september klukkan 15:00